

Heimilt er að gera upptækar kvikmyndir ef sýning, dreifing eða sala þeirra fer í bága við ákvæði laga þessara. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs.

11. gr.

Heimilt er ráðherra að setja reglur um skoðun tölvuforríta sem hafa að geyma gagnvirka leiki til að tryggja að notkun þeirra sé ekki í ósamræmi við tilgang laga þessara, sbr. 1.–3. gr. Skal þá haga slíkri skoðun með áþekkum hætti og skoðun kvikmynda að fengnum tillögum Kvikmyndaskoðunar.

12. gr.

Menntamálaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipun núverandi skoðunarmanna og ráðning forstöðumanns fellur niður við gildistöku laga þessara. Menntamálaráðherra skipar skoðunarmenn og forstöðumann Kvikmyndaskoðunar frá og með sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

**um breyting á lögum um Bjargráðasjóð,
nr. 51 26. maí 1972, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Stjórn sjóðsins er ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.